



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Ævintýraborg Vogabyggð

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Einkunnarorð Ævintýraborgar Vogabyggðar	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat Bali	7
5 Innra mat Útskálar (verður Strönd næsta vetur).....	8
6 Innra mat Vogatunga (verður Birkibær næsta vetur).....	9
7 Innra mat Birkibær (verður Útskálar næsta vetur)	11
7 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	14
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	15
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	16
8 Foreldrasamvinna.....	16
9 Skipulagsdagar	16
10 Fylgiskjöl	16
10.1 Fylgiskjal	17



Einkunnarorð Ævintýraborgar Vogabyggðar

Virðing – Gleði – Vellíðan

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta hefur verið mjög lærdómsríkur vetur hér í Ævintýraborg Vogabyggð. Við höldum áfram að hýsa leikskólann Hálsaskóg hjá okkur í vetur og gekk sambúðin áfram mjög vel, enda búin að starfa saman í rúmt hálf t.ár.

Við byrjuðum haustið á því að opna fjórðu deildina en áður höfðum við deilt einni deild með Hálsaskógi. Aðlögun haustsins gekk vel á öllum deildum og tókum við á móti tæpleg 30 nýjum börnum.

Leikskólinn okkar hefur þróast mikið í vetur og jukum við mikið við faglegt starf á árinu. Við höldum áfram að vinna með hreyfinu og útiveru, og eru nú allar deildar farna að vinna markvist með jóga. Við ákváðum að efla starfsfólkið okkur einnig í jóga og fengum við Þóru í Yoga101 til þess að vera með námskeið í vinnustaðajóga og heilsu almennt. Við höfum nýtt fallega umhverfið okkar vel og farið í ótal gönguferðir í töfraskóginn okkar og Elliðaárdalinn. Við ætlum að halda áfram að vinna með töfraskóginn okkar á næsta skólaári, þannig það verður spennandi að sjá þróunina á honum. Einnig höldum við okkar fyrsta Brúarskókk, þar sem börnin hlupu yfir brýrnar og fengu verðlaunapening, sem þau sjálf höfðu föntrað, þegar þau komu í mark. Þetta er klárlega viðburður sem er komin til að vera.

Núna um áramótin var stofnað foreldrafélag í Ævintýraborg Vogabyggð og hafa þau auðgað starfið okkar með ýmsum hætti. Sem dæmi stóðu þau fyrir piparkökumálun, keyptu ís fyrir sumarhátíðina og gáfu okkur alls kyns sumardót.

Rétt eftir áramótin var mikið um veikindi í starfsmannahópnunum og þar með neyddust við til þess að loka leikskólanum í nokkrar vikur kl. 12 á föstudögum. Þessi ákvörðun var tekin í samvinnu við foreldraráðið og erum við mjög þakklát fyrir þann skilning sem foreldrar sýndu okkur á þessum tíma.

En vorið tók á móti okkur með bjartari tímum og hófum við samstarf við Steinhlið með elstu börnin okkar. Þau skipulögðu allskyns ferðir saman og fóru í heimsókn í skóla hvors annars. Þau fóru einnig í útskriftaferð saman í Fjölskyldu og húsdýragarðinn, þar sem þau grilluðu pylsur og nutu sólarinnar. Þetta samstarf gengur svo vel að við ætlum að halda því áfram og fjölga hittingum á næsta skólaári. Við höfum einnig fengið afnot af matjurtargarði hjá þeim og hafa börnin okkar sett niður kartöflur þar, þannig það verður spennandi að sjá uppskeruna í haust.

Eins og sjá má hér þá er skólinn okkar alltaf að þróast og við getum ekki beðið eftir að takast á við skemmtileg verkefni á næsta skólaári. Hálsaskógur fór frá okkur um miðjan júní þannig næsti vetur verður heldur betur spennandi. Við komum til með að opna tvær nýjar deildar og verða loksins orðin sex deilda leikskóli eins og áætlað var í upphafi. Ég get ekki beðið eftir að halda áfram uppbyggingu þessa flotta skóla okkar með öllu þessu frábæra starfsfólki. Takk fyrir frábæran vetur hér í Vogabyggðinni.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Sameining milli deilda kl. 14	Rætt á deildarstjóra-fundi	Starfsmenn	Hætt að skipta elstu deild á milli og fórum við að skipta miðju deildinni á milli deilda.
Aðlögun	Rætt á deildarstjóra-fundi	Deildarstjórar	Lengja aðlögun um einn dag.

Ytra mat

Ekki var gert neitt ytra mat á leikskólanum þennan veturinn.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Deildarstjórafundir -markvissir	Hafa deildarstjórafundu einu sinni í viku	Það verði sett í föngang að fundirnir séu haldnir	Leikskólastjóri og aðstoðarleiks kólastjóri	Sept '24	Maí '25	Fundagerðir frá deildarstjórafundu um	Auka samskipti í stjórnendahó p num
Handleiðsla deildarstjóra	Halda áfram að innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildarstjóra	Aðstoðar. hittir deildarstjóra 1 sinni í mánuði.	Aðstoðar- leikskólastjóri	Sept '24	Maí '25	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.	Öruggari og faglegri deildarstjórar
Undirbúningstímar	Skýrt betur hvað, hvar og hvernig undirbúningstíma r séu nýttir.	Búið verður til verklag og reglur sem allir þekkja og fara eftir.	Stjórnendate ymið.	Sept '24	maí '25	Umræða á starfsmannafundu m og deildarstjórafundu um	Allt starfsfólk skilji tilgang undirbúningst íma og upplifi að þeir séu notaðir þannig að þeir nýtist deildum og skólanum sem heild.
Uppeldis- og menntastarf							
Ritmál - sýnilegt	Ritmál verði sýnilegt innan deilda og í sameiginlegum rýmum	Merkja efnivið með myndum og bókstöfum	Deildarstjóri	Sept '24	Maí '25	Metið með ljósmyndum	Að allur efniviður verði merktur með myndum og orðum



Málörvun fyrir alla	Að öll börn fá samverustundir við hæfi	Samverustundir verði reglulegar og markvissar	Deildarstjóri	Sept '24	Maí '25	Deildarfundum og deildarstjórafundum	Börnin taki þátt í samverustundum og nái að fylgjast með
Mannauður/ Leikskólabragur							
Hvetja starfsfólk til þess að fara á námskeið.	Að starfsfólk efi kunnáttu sína í starfi	Prenta út auglýsingar um námskeið og setja á kaffistofu	Leikskólastjóri og aðstoðarleiks kólastjóri	Sept '24	Maí '25	Skráning yfir hvaða námskeið starfsfólk hefur sótt yfir veturinn	Faglegra starf
Innra mat							
Starfsmannaviðtöl	Almennt starfsfólk fái viðtal við leikskólastjóra einu sinni á ári en deildarstjóra tvisvar.	Leikskólastjóri setur niður tíma fyrir allt starfsfólk	Leikskólastjóri	Sep '24	Júní '25	Leikskólastjóri heldur skráningu yfir viðtölin	Betri samskipti og yfirsýn yfir líðan starfsfólks.
Snerpusamtöl	Deildarstjórar taka snerpusamtöl við starfsfólk deildarinnar tvisvar á ári.	Deildarstjóri setur niður tíma fyrir samtölin	Deildarstjóri	Sept '24	Júní '25	Deildarstjóri heldur skráningu yfir samtölin	Betri samskipti og yfirsýn yfir líðan starfsfólks.



4 Innra mat Bali

Á Bala voru 3 árgangar saman aðlögun gekk vel. Öll börn sýndu mikla framför í þroska, samskiptum milli ólíkra aldurshópa og vináttu.

Einn af umbótaþáttunum var stærðfræði sem var unnið með meðal annars með notkun á Numicon kubbum gekk sú vinna mjög vel þá var þá var einnig lögð rík áhersla á jóga og hreyfingu, börnin sýndu þessu mikinn áhuga. Lubba stundir gengu ágætlega en þar sem við vorum með fjölbreyttan hóp barna þá náðum við ekki alveg að halda plani eins og upphaflega var lagt upp með. Við ætlum að gera betur og halda áfram með það næsta vetur. Hópastarf gekk mjög vel, börnin tóku virkan þátt, lærðu mikið af því og nýttu sér í daglegu starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Stærðfræði (tölur og hugtök) Numicon/ Lubbi	Börnin kynnst tölum, fjöldahugtökum og öðrum stærðfræði hugtökum.	Spila borðspil. Tölur og stærðfræðihugtök séu gerð sýnileg í umhverfi barnanna.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '24	Mai '25	Reglulegar skráningar	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Jóga og hreyfing	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfingar og jóga æfingar með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '24	Mai '25	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jóga æfingar.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.



5 Innra mat Útskálar (verður Strönd næsta vetur)

Á Útskálum eru 12 börn fædd 2021 og 2022. Áhersla lögð á könnunarleik, jóga og aðlögun.

Aðlögun gekk vel þar sem að örliktar breytingar voru gerðar á viðveru foreldra. Við lengdum viðveru þeirra með börnunum. Foreldrar voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og munum við halda því áfram við næstu aðlögun. Könnunarleikurinn gekk einnig vel og börnin áhugasöm. Verðlausum efnivið var skipt út á miðju skólaári til þess að auka við fjölbreytileika og leyfa börnunum að kynnst nýjum efnivið. Skráning var regluleg og metið á deildarfundum með öllum starfsmönnum deildarinnar. Ákveðið hefur verið að halda könnunarleik áfram á næsta skólaári.

Jóga tímarnir hefðu mátt byrja fyrr en það er markmiðið fyrir næsta misseri. En hins vegar gekk vel að kynna börnunum fyrir jóga æfingum. Börnin voru áhugasöm og tóku meira þátt er líða fór á skólaárið. Börnin tóku frumkvæðið af æfingum í lokin og markmiði náð að vekja athygli þeirra á öndun og þau orðin meðvitaðri um líkama sinn. Markmiðið er að halda áfram á næsta misseri og hefja jóga tímana fyrr en áður.

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Könnunarleikur	Að börnin fái að leika með og kanna verðlausan efnivið án inngrips frá kennara	Könnunarleikir einu sinni í viku, fyrir hvern hóp	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjóri ber ábyrgð	Sept '24	Apríl '25	Halda skráningu fyrir hvert barn eftir hverja stund, bæði ljósmyndir, video og skriflega.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.



Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfing ar og jógaæfingar með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma Deildarstjórn ber ábyrgð	Sept '24	Apríl '25	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar.	Reglulegir deildarfundir til þess að meta árangurinn.
Samverustundir	Börnin læra að sitja saman í samverustundum. Eru oft óörugg í byrjun. Læra ný lög, hlusta og taka þátt í fjölbreyttum samverustundum.	Byrjum á einni stórri samverustund þar sem börnin læra að sitja saman í hóp. Síðar verður skipt í tvær samverur til þess að ná að auka og efla orðaforða í litlum hópum.	Allir starfsmenn á deildinni framkvæma. Deildarstjórn ber ábyrgð.	Ágúst '24	Apríl '25	Allt starfsfólk á deildinni eru þátttekendur í að meta samverustundirnar. Nýta skráningar m.a með ljósmyndum og skriflega. Fer eftir efni samverustundanna hverju sinni.	Á deildarfundum verður rætt hvað gengur vel og hvað mætti betur fara til þess að auka við málörvun, hreyfi- og alhliða þroska barnanna.

6 Innra mat Vogatunga (verður Birkibær næsta vetur)

Börnin á Vogatungu eru fædd 2020 og 2021.

Byrjað var að vinna markvisst með jógaástandir í samveru til þess að kynna fyrir börnunum á um hvað jóga snýst. Síðan færðum við jógaástandir inn í hópstarfið þar sem við notuðum jógaþjöld þar sem börnin drógu þjöld og æfðu þær jógaástandur sem voru á myndinni. Jógaástandirnar voru metnar á deildarfundum með starfsfólki deildarinnar. Börnin sýndu jóga mikinn áhuga og voru mjög hrifin af því. Tilgangur jógaástanda er að skapa ró inni á deild en um leið að kynna markvisst fyrir börnunum hvernig hægt er að nota öndun og jógaæfingar til að öðlast meiri vellíðan. Við munum halda áfram með þetta verkefni á næsta ári 2024/25.

Á sama tíma var unnið verkefni um vináttu á deildinni. Starfsfólkið byrjaði verkefni með börnunum en við mat á deildarfundum kom fram hjá starfsfólki að börnin höfðu lítinn skilning á því um hvaða verkefnið snerist og börnin sýndu því lítinn áhuga. Ákveðið var í framhaldi að því að hætta með þetta verkefni. Áfram var þó unnið með söngástandir um vináttu þar sem meðal annars var sungið um tilfinningar.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun og lestrarnám	Markviss málörvun með áherslu á lestur, þar sem spyr kennari börnin spurninga upp úr bókinni.	Að vinna markvisst með lestur í samverustundum fyrir börnin.	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept. 2024	April. 2025	Endurtekning. Tvær bækur per mánuð verða lesnar fyrir börnin til að skapa samræður.	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.
Sjálfbærni	Sjálfbærni, börn læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu.	Markvisst kennsla um flokkun, lífríki, náttúruna í kringum okkur.	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept. 2024	April. 2025	Tína rusl í kringum okkur og læra að flokka það. Læra um matarsóun.	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama	Að vinna markvisst með öndunaræfingar og jóga æfingar með börnum	Deildar - stjóri og starfsfólk deildar	Sept. 2024	April. 2025	Tileinkum okkur einfaldar jóga æfingar	Reglulegir deildafundir til þess að meta árangurinn og þátttöku barna.



7 Innra mat Birkibær (verður Útskálar næsta vetur)

Á Birkibæ eru 14 börn, 9 fædd 2021 og 5 fædd 2022. Áhersla var lögð á könnunarleik og jóga.

Könnunarleikur : Gekk mjög vel þegar að við byrjuðum, vorum svolítið lengi að byrja. Börnunum var skipt í 4 hópa og fór hver hópur 1 sinni í viku. Notaður var verðlaus efniviður sem að börnin voru mjög áhugasöm um. Héldum mynd- og skriflegar skráningar eftir hverja stund og fórum yfir reglulega á deildarfundum.

Jóga: Hefðum mátt byrja fyrr í jógastundum. En þegar að við byrjuðum gekk það mjög vel, bæði starfsfólk og börn mjög áhugasöm. Notuðum samverustundir á morgnana, börnunum skipt í 2 hópa, fór hver hópur ca. 1 – 2 í viku. Farið var í einfaldar öndunar- og jógaæfingar. Notuðum mikið jógapjöld sem að þau fengu að draga hvert og eitt og gera svo þá æfingu sem að er á spjaldinu.

Byrjuðum alltaf á öndunaræfingum svo var farið í jógaæfingar og að lokum enduðum við á slökun eða teygjum.

UMBÓTARÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig frankvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver frankvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Jóga	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama og efla lífisleikni þeirra.	Að vinna markvisst með öndunaræfingar , jógaæfingar og slökun með börnunum.	Allir starfsmenn frankvæma. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept '24	Apríl '25	Tileinkum okkur einfaldar öndunaræfingar og jógaæfingar. Farið yfir á deildarfundum.	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna
Lubbastundir	Að efla málþroska og auka við orðaforða.	Hver hópur fer í lubbastund einu sinni í viku.	Allir starfsmenn frankvæma. Deildarstjóri ber ábyrgð.	Sept '24	April '25	Nota bókina Lubbi finnur málbein. Fara yfir hljóð og stafi. Farið yfir á deildarfundum.	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna



Útinám	Að hvert barn fari í útinám/vettvang sferðir tvisvar í mánuði	Gerð áætlun um hvað eigi að vinna með í hverjum mánuði en unnið út frá áhugasviði barnanna hverju sinn	Allir starfsmenn framkvæma. Deildarstjóri ber ábyrgð.	okt '24	Mái '25	Gerðar skráningar úr útinámsferðum og hengdar upp fyrir börn, foreldra og annað starfsfólk	Reglulegir deildarfundir til að meta stöðuna
---------------	---	--	---	---------	---------	--	--

7 Innra mat sérkennslu

Þar sem við erum enn frekar nýlegur leikskóli með mörg ung börn þá var ekki mikið af börnum sem áttu rétt á stuðningstímum í vetur. Við vorum aðeins með tvö börn í vetur sem áttu rétt á stuðningstímum og voru þau bæði með ákveðin starfsmann sem sá um sérkennslu þeirra. Sérkennslustjóri sá um skipulagningu á þessum stuðningstímum ásamt því að sinna börnum sem ekki voru með stuðningstíma en þurftu á sértækri aðstoða að halda. Sérkennslan fór að mestu fram inn á deildum barnanna og í minni hópum allt eftir því hvað hentaði hverju barni.

Núverandi sérkennslustjóri er að hætta um mun nýr sérkennslustjóri taka við störfum í ágúst 2024.

Mat á sérkennslu 2023-2024

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, HLJÓM -2 og EFI
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Mikið efni er til í leikskólanum en við keyptum ýmislegt í vetur. Til dæmis, spil, skynörvunardót og bitdót.



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skýrara verklag og skipulag	Hafa meira skipulag og yfirsýn.	Auka skráningar í sérkennslunni.	Sérkennslustjóri	Sept '24	Mái '25	Umræða á deildarstjórafundum.	Að kennarar og foreldrar upplifi öryggi og betra utanhald
Reglulegir laustnateymisfundir	Meir yfirsýn yfir sérkennsluna og markvissari þjálfun barna.	Hafa fundi með stjórnendum á ca. 6 vikna fresti.	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Sept '24	Mái '25	Umræða á deildarstjórafundum	Öllum börnum með frákvik sé sinnt.



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Laun starfsmanna
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum með Gefðu 10, einnig fara öll börn í samveru einu sinni á dag þar sem unnið er með orðaforða.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Öll börn fara í a.m.k. eina samverustund á dag þar sem unnið er við að dýpka orðaforða þeirra. Einnig er lesið og rætt um bækur þar sem orð eru útskýrð og rædd.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við höfum nýtt okkur Orðaskila og nokkrum tungumálun og TRAS. En við stefnum á að byrja nota <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , á næsta skólaári.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er lögð áhersla á alla þessa hluti á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi með börnunum.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markmiss málörvun	Þau tvítyngdu börn sem þurfa fá markvissa málörvun	Sérkennslustjóri í skipuleggur hópa sem fara í málörvun reglulega.	Sérkennslustjóri	Sept '24	Mai '25	Skráning og fundir með deildarstjórum	Öll tvítyngd börn hafi fengið málörvun eftir þörfum.
Hæfniramma í íslensku	Innleiða á skráningar tækið, „Hæfniramma á íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Sérkennslustjóri og annað starfsfólk fylla út Hæfniramma n fyrir öll börn sem eru að læra fleiri en eitt tungumál	Sérkennslustjóri	Sept '24	Mai '25	Gátlisti og fundur með deildarstjórum	Öll börn sem læra fleiri en eitt tungumál eigi útfyllta lista

14



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl

Haldin voru starfsþróunarsamtöl í mars og apríl. Leikskólastjóri tók stutt viðtöl við alla starfsmenn sem gengur mjög vel. Það var unnið úr þeim með þeim hætti að koma til móts við óskir starfsfólks fyrir næsta skólaár.

Á næsta ári ætlum við hins vegar að breyta aðeins til og mun leikskólastjóri taka alla almenna starfsmenn í eitt viðtal á ári en deildarstjóra í tvö viðtöl. Þá ætlum við einnig að bæta við svokölluðum snerpusamtölum þar sem deildarstjóri kemur til með að taka stutt samtöl við starfsfólk deildarinnar tvisvar yfir árið.

Fræðsla

Skipulagsdagar þessa árs voru mjög fjölbreyttir. Við vorum meðal annars með skyndihjálpanámskeið fyrir alla starfsmenn og fengum námskeið frá Yoga101 sem var með yfirskriftinni „*Vinnustaða Yoga og Heilsukynning*“. Einnig nýttum við skipulagsdagana til þess að skipuleggja og meta starfið yfir veturinn.

Nám og námskeið

Í vetur var einn starfsmaður í meistaranámi í leikskólakennarafræðum. Allir deildarstjórar okkar sóttu námskeið á vegum Reykjavíkurborgar jafnt og þétt yfir veturinn. Þar sem meðal annars var farið í leiðtogahlutverk deildarstjóra, snemmtæka íhlutun, leikur sem kennsluaðferð og margt annað.

Að auki tóku tveir starfsmenn réttindi til þess að leggja fyrir málþroskaprófið EFI, einn starfsmaður tók réttindi á TRAS og einn fór á atferlisþjálfunarnámkeið.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Elstu börnin í Ævintýraborg Vogabyggð fór nokkrum sinnum í heimsókn í Vogaskóla þar sem þau fengu að kynna grunnskólanum og einnig fengu þau að horfa á leiksýningar sem börnin settu upp.

Elstu börnin okkar hafa einnig verið í samstarfi við leikskólann Steinahlíð þar sem þau hafa heimsótt hvort annað og þau fóru líka í útskriftaferð í Fjölskyldu og húsdýragarðinn saman.

Við munum efla samstarfið með Steinahlíð en frekar næsta vetur þar sem við munum skipuleggja samstarf elstубarna í báðum skólum. Einnig höfum við fengið afnot að matjurtagarði þeirra og hafa börnin nú þegar sett niður kartöflur hjá þeim.

8 Foreldrasamvinna

Það var stofnað foreldrafélag í Ævintýraborg Vogabyggð nú á vorönn. Í stjórn foreldrafélagsins sátu sex feður og héldu þau meðal annars piparkökumálun í desember, keyptu ís fyrir sumarhátíð og gáfu okkur útileikföng fyrir sumarið.

Foreldraráð var starfandi allt árið og í því voru: Einar Örn Gíslason, Eypór Agnarsson og Gissur Þór Rúnarsson.

9 Skipulagsdagar

4. október 2024

29. nóvember 2024

2. janúar 2025

24. mars 2025

9. maí 2025

30. maí 2025

10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs



10.1 Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 **Ævintýraborg Vogabyggð**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eyþór Agnarsson
Gissur Þór Rúnarsson
Einar Már Gíslason



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunar samræmast starfi leiksskólans síðasta árs og eru rökrétt áframhald af þeirri uppbyggingu sem verið hefur í gangi.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já að okkar mati er starfsáætlunin aðgengileg, auðlesanleg og vel skipulögð.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já starfsáætlunin gefur góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra. Markmið, aðgerðir og námsmat skýrt. Gefur góða innsýn yfir hvað börin eru að læra og gera. Sérstaklega áhugavert að sjá hvernig fjallað er um það sem er gert utan leikskólans og samstarfs við aðra leikskóla og grunnskóla. Finnst það mjög jákvæð og góð þróun. Þetta á einkum við greinargerð leikskólastjóra og umbótaáætlunina.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Hvað innra mat deilda varðar þá er textinn undir „Tækifæri til umbóta“ og „Aðgerðir til umbóta“ mjög almenns eðlis og ekki augljóst hvernig þetta byggir á starfinu síðasta árið. Kannski ætti að skipta út fyrirsögninni „Tækifæri til umbóta“ fyrir „Markmið“ eða álíka.

Fyrirbyggjandi ráðstafanir vegna veikinda starfsfólks.

Eins og kemur fram í greinargerð leikskólastjóra þá var mikið um veikindi í starfsmannahópnum. Það gæti verið mjög sterkur leikur að innleiða fyrirbyggjandi ráðstafanir til að takast á við þetta. Setja fram skýrt plan sem útlistar fyrir foreldra hvernig er tekið á þessu ef kemur upp. Þá er það skýrt í upphafi.

Endurgjöf og þátttaka foreldra

Þar sem leiksskólinn er nýr gæti það verið mjög sterkur leikur að reyna að virkja foreldra betur í endurgjöf. Veit ekki nákvæmlega hvernig er hægt að útfæra en held að þetta væri sterkt.



F. h. leikskólans Ævintýraborg Vogabyggð

Ragna Kristín Gunnarsdóttir

10. Júlí 2024

Leikskólastjóri

Dagsetning



